

Héraðsdómur Reykjavíkur

D Ó M U R

Mál nr. E-466/2020

Föstudaginn 4. júní 2021

Vínnes ehf.

(Flóki Ásgeirsson lögmaður)

gegn

Íslenska ríkinu

(Ólafur Helgi Arnason lögmaður)

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

1. Mál þetta er höfðað með stefnu birtri fyrir lögmanni stefnda 14. janúar 2020. Stefnandi er Vínnes ehf., Skútuvogi 11, 104 Reykjavík, og stefndi er Íslenska ríkið, Arnarhvoli við Lindargötu 101 Reykjavík.

2. Stefnandi krefst þess að stefndi greiði stefnanda 250.407.415 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 af 4.977.079 krónum frá 15. janúar 2016 til 5. febrúar 2016 en af 9.951.320 krónum frá þeim degi til 15. mars 2016 en af 12.820.126 krónum frá þeim degi til 17. maí 2016 en af 19.025.109 krónum frá þeim degi til 15. júlí 2016 en af 26.329.512 krónum frá þeim degi til 5. ágúst 2016 en af 28.931.749 krónum frá þeim degi til 15. september 2016 en af 33.196.111 krónum frá þeim degi til 5. október 2016 en af 37.458.122 krónum frá þeim degi til 15. nóvember 2016 en af 41.445.337 krónum frá þeim degi til 5. desember 2016 en af 45.430.251 krónu frá þeim degi til 16. janúar 2017 en af 52.279.608 krónum frá þeim degi til

6. febrúar 2017 en af 59.126.285 krónum frá þeim degi til 15. mars 2017 en af 61.352.971 krónu frá þeim degi til 15. maí 2017 en af 69.488.453 krónum frá þeim degi til 17. júlí 2017 en af 80.353.307 krónum frá þeim degi til 15. september 2017 en af 90.971.312 krónum frá þeim degi til 15. nóvember 2017 en af 99.732.365 krónum frá þeim degi til 15. janúar 2018 en af 111.925.229 krónum frá þeim degi til 15. mars 2018 en af 116.993.773 krónum frá þeim degi til 15. maí 2018 en af 127.750.444 krónum frá þeim degi til 16. júlí 2018 en af 141.745.409 krónum frá þeim degi til 17. september 2018 en af 154.838.457 krónum frá þeim degi til 15. nóvember 2018 en af 165.279.935 krónum frá þeim degi til 15. janúar 2019 en af 180.672.391 krónu frá þeim degi til 15. mars 2019 en af 184.990.850 krónum frá þeim degi til 15. maí 2019 en af 202.688.454 krónum frá þeim degi til 15. júlí 2019 en af 225.576.196 krónum frá þeim degi til 16. september 2019 en af 240.095.191 krónu frá þeim degi til 15. nóvember 2019 en af 250.407.415 krónum frá þeim degi til 14. janúar 2020 og með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

3. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt mati dómsins eða síðar framlögðum málskostnaðarreikningi.

4. Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

5. Málið var upphaflega dómtekið eftir aðalmeðferð 11. september sl. en því var vísað frá dómi án kröfu með úrskurði 23. október sl. á grundvelli vanreifunar. Þeim úrskurði var hrundið með úrskurði Landsréttar 10. desember sl., í máli nr. 629/2020 og málið ekki talið vanreifað og þar horft mjög til þess að stefndi hefur ekki gert ágreining um þann málatilbúnað stefnanda sem dómari fann að og því engin efni til þess að vísa málinu frá. Munnlegur málflutningur fór fram að nýju fimmtudaginn 18. febrúar sl. og málið dómtekið að honum loknum. Dómsuppsaga dróst vegna leyfa og nokkuð óvæntra anna dómara og var því nauðsynlegt að flytja málið að nýju sem gert var 30. apríl sl. Dómari hugðist kveða upp dóm í málinu föstudaginn 28. maí sl. þegar frestur samkvæmt 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála hefði verið úti. Þess í stað ákvað dómari að boða aðila til þinghalds á grundvelli 104. gr. sömu laga, þar sem dómari taldi skorta á útlistun á fjárhæðum sem rúmast gætu innan kröfugerðar í málinu ef til þess kæmi að ákveðnar forsendur yrðu lagðar til grundvallar við úrlausn málsins. Var brugðist við

tilmælum dómsins í þinghaldi þennan dag og lögmenn tjáðu sig um málsmeðferð og umrætt skjal. Einnig lýstu lögmenn sig sammála dómara um að ekki væri þörf á að endurflytja málið samkvæmt fyrirmælum 115. gr. þótt dómur yrði kveðinn upp eftir að frestur ákvæðisins væri liðinn.

Málsatvik

6. Árið 1989 voru samþykkt lög nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur. Stefndi vísar til þess að lögin hafi verið sett til að bregðast við þeim aðstæðum að einnota dósir höfðu rutt sér til rúms á markaðnum í stað margnota flaskna en auk þess hafi aflétting bjórbanns gert það að verkum að búast mátti við aukinni notkun einnota drykkjarumbúða. Aðalmarkmið laganna mun hafa verið að koma í veg fyrir að þessar umbúðir enduðu sem rusl á víðavangi.

7. Í lögum nr. 52/1989 er kveðið á um að á innfluttar drykkjarvörur úr einnota umbúðum úr stáli, áli, gleri og plasti skuli leggja skilagjald sem innheimt er við tollafgreiðslu. Sama gjald er lagt á drykkjarvörur sem framleiddar eru eða átappaðar hér á landi og seldar í sams konar umbúðum.

8. Í reglugerð nr. 750/2017 um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota drykkjarvöruumbúðir er fjallað um álagningu skilagjalds og þeir tollflokkar sem gjaldskylda skilagjalds nær til taldir upp. Í reglugerðinni er fjallað um innheimtu gjaldsins, uppgjörstímabil og gjalddaga og hvernig Endurvinnslan hf. skuli standa að endurgreiðslu skilagjalds til neytenda.

9. Skilagjaldið var við höfðun málsins og undir rekstri þess 14,41 kr. án virðisaukaskatts fyrir hverja drykkjarumbúðaeiningu. Því skal skilað til neytenda þegar þeir skila inn drykkjarumbúðum, sbr. 3. gr. laganna. Til viðbótar skilagjaldi er lögð á sérstök umsýsluþóknun fyrir hverja umbúðaeiningu og henni, auk skilagjalds af þeim umbúðum sem ekki er skilað, er ætlað að standa undir rekstri Endurvinnslunnar hf. sem stofnuð var samkvæmt og í tengslum við gildistöku laganna. Umsýsluþóknun er mismunandi fyrir tegundir umbúða og var með lögum 65/2017 ákveðin, án virðisaukaskatts, 5,50 kr. fyrir umbúðir úr stáli, 0,20 kr. fyrir umbúðir úr áli, 5,30 kr. fyrir umbúðir úr gleri stærri en 500 ml, 3,20 kr. fyrir umbúðir úr gleri

500 ml og minni, 3,20 kr. fyrir umbúðir úr lituðu plastefni og 1,30 kr. fyrir umbúðir úr ólituðu plastefni, sbr. 1. gr. laga nr. 52/1989. Þessi gjöld hafa tekið breytingum, sbr. nánari umfjöllun í niðurstöðu kafla dómsins.

10. Tollyfirvöld annast innheimtu skilagjalds af gjaldskyldum umbúðum samkvæmt lögum nr. 52/1989 og reglugerð nr. 750/2017. Á það jafnt við um innflutning og innlenda framleiðslu. Í innflutningi er það innheimt samkvæmt innflutningsskýrslu þar sem innflytjandi gefur upp fjölda eininga sem verið er að flytja inn í hverju tollskrárnúmeri. Af innlendri framleiðslu er skilagjald innheimt samkvæmt skilagjaldsskýrslu sem framleiðendur skila á tveggja mánaða fresti til tolyfirvalda sem síðan leggja gjaldið á í tekjubókhaldskerfinu.

11. Stefnandi flytur inn til landsins drykkjarvöru í einnota umbúðum úr áli, gleri og plastefni. Á tímabilinu 15. janúar 2016 til 15. nóvember 2019 lagði stefndi skilagjald og umsýsluþóknun á innflutning stefnanda á slíkum drykkjarvörum á grundvelli laga nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, samtals að fjárhæð 224.652.371 króna. Þá hefur stefndi jafnframt reiknað virðisaukaskatt ofan á þessa fjárhæð. Samtals nemur skilagjald og umsýsluþóknun sem stefndi hefur lagt á og innheimt frá stefnanda á þessu tímabili ásamt virðisaukaskatti 250.407.415 krónum að sögn stefnanda, sbr. nánari sundurliðun í gögnum málsins.

12. Stefndi hefur allt frá gildistöku laga nr. 52/1989 látið skilagjald og umsýsluþóknun sem lögð hefur verið á samkvæmt ákvæðum þeirra renna til hlutafélagsins Endurvinnslunnar hf. sem stofnað var hinn 7. júní 1989. Samkvæmt upplýsingum í stefnu málsins var a.m.k. þá um að ræða hlutafélag í eigu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, Kaupmannasamtaka Íslands, Coca-Cola European Partners Ísland ehf., Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar hf., Rio Tinto á Íslandi hf., Elkem Ísland ehf., Bandalags íslenskra skáta og Sambands íslenskra sveitarfélaga auk ríkissjóðs. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2019 liggur ekki fyrir. Samkvæmt ársreikningum félagsins síðustu þrjú ár þar á undan nam, samkvæmt stefnu málsins, samanlagður hagnaður félagsins á þessu þriggja ára tímabili 399.425.000 krónum. Eigið fé félagsins í árslok 2018 nam samkvæmt ársreikningi það ár 1.149.188.000 krónum og skuldir þess 682.714.000 krónum.

13. Stefnandi telur að framangreind gjaldtaka stefnda sé ólögmat og stefnda sé af þeim sökum skylt að endurgreiða stefnanda oftekin gjöld ásamt vöxtum og dráttarvöxtum, eins og krafist er.

14. Endurvinnslan hf. hefur, samkvæmt framangreindum lögum, einkarétt til að starfrækja skilakerfi drykkjarvöruumbúða, og á samkvæmt lögnum að koma upp skilvirku fyrirkomulagi á söfnun drykkjarvöruumbúða um land allt, kappkosta að ná sem bestum skilum og koma umbúðunum til endurvinnslu.

15. Félagið var að sögn stefnda stofnað með umhverfismarkmið að leiðarljósi. Til að fjármagna félagið hafi þurft að leita til áhugasamra aðila eða aðila sem höfðu bolmagn til fjármögnunar þess, til að leggja fram stofnfé/hlutafé. Erfiðlega hafi gengið að selja alla hluti í félaginu og því orðið eftir tæp 18% sem séu í höndum fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Sá hlutur hafi alla tíð verið til sölu en hins vegar hafi ekki enn tekist að selja hann. Þá hafi félagið keypt 6% eigin bréfa. Stefndi lætur þess getið að m.a. stefnandi hafi átt um skeið í viðræðum við stefnda um möguleg kaup á hlut og inngöngu í félagið.

16. Stofnfé var upphaflega 30.000.000 kr. en núvirðisreiknað mun það að sögn stefnda vera u.þ.b. 113 milljónir kr.

17. Eigið fé hefur á sama tíma vaxið úr því að vera 30.000.000 kr. við stofnun upp í um 1.230.000.000 kr. árið 2020. Eigið fé verði að sögn stefnda að skoða í ljósi þeirrar lagaskyldu sem á félaginu hvíli skv. lögum nr. 52/1989 um að byggja upp skilakerfi, fjármagna gjaldfresti framleiðenda og innflytjenda og greiða óútleyst skilagjöld. Þannig hafi eigendur ekki litið svo á að bókhaldslegur hagnaður félagsins væri þeirra hagnaður heldur tæki til að uppfylla skyldur skilakerfisins. Eigið fé félagsins tilheyri skilakerfinu en þeirra eign og framlag sé stofnfé sem lagt hafi verið út reiknað að núvirði. Því sé rétt að miða við hóflegan arð af því framlagi sem eigendur liggja raunverulega með inni í félaginu, sbr. ákvæði 4. gr. laga nr. 52/1989 um hóflegan arð af hlutafé.

18. Engar arðgreiðslur eru að sögn stefnda fyrirhugaðar næstu fimm ár til þess að mæta fyrirhuguðum flutningskostnaði, þar sem ljóst sé að Endurvinnslan hf. muni þurfa að flytja höfuðstöðvar sínar skv. deiliskipulagi Reykjavíkurborgar.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Almennt um álagningu skilagjalds og umsýsluþóknunar samkvæmt lögum nr. 52/1989

19. Skilagjald það og sú umsýsluþóknun sem lögð er á innflutning og framleiðslu drykkjarvöru í einnota umbúðum samkvæmt lögum nr. 52/1989 á sér að sögn stefnanda fáar ef nokkrar hliðstæður í nágildandi lögum. Í eðli sínu sé um að ræða skatt sem lagður sé á gjaldskyldan innflutning og framleiðslu með sama hætti og til að mynda úrvinnslugjöld sem lögð séu á samkvæmt lögum nr. 162/2002 eða vörugjöld sem lögð séu á samkvæmt lögum nr. 29/1993. Þannig sé skatturinn lagður á og innheimtur af tollstjóra við tollafgreiðslu, sbr. 1. másl. 1. mgr. 1. gr. laganna, álagning hans sé kæránleg til yfirskattanefndar, sbr. 1. mgr. 8. gr. laganna og um hann gildi ákvæði tollalaga nr. 88/2005 að öðru leyti en því sem mælt sé fyrir um í lögnum, sbr. 1. mgr. 9. gr. Að þessu leyti sé um að ræða hefðbundinn skatt sem beri öll megineinkenni skattheimtu í skilningi 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar.

20. Frá þessari hefðbundnu tilhögun sé vikið mjög verulega í ákvæðum laganna sem lúti að ráðstöfun skattsins. Með ákvæðum 1. mgr. 2. gr. laganna sé ráðherra falið „að beita sér fyrir stofnun hlutafélags sem taki að sér umsýslan skilagjaldsins svo og söfnun og endurvinnslu einnota umbúða er falla undir lög þessi“. Samkvæmt ákvæðinu sé ráðherra heimilt að kveðja til aðila sem áhuga hafi á málinu til samvinnu um stofnun þessa hlutafélags. Þá sé tekið fram að ráðherra sé heimilt að semja við félagið um að það fái umsýsluþóknun skilagjaldsins til að standa undir rekstri sínum og auk þess skilagjald af þeim umbúðum sem eigi sé skilað. Loks sé tekið fram í 1. mgr. 2. gr. að ríkissjóði sé heimilt að eiga aðild að félaginu og leggja fram allt að 12 milljónum króna. Í 2. mgr. 2. gr. sé kveðið svo á að félagið sem um ræðir í 1. mgr. skuli hafa einkarétt til framangreindrar starfsemi.

21. Samkvæmt framansögðu felist í lögnum að tekjur af skatti sem lagður sé á við tollafgreiðslu vöru og innheimtur af innheimtumanni ríkissjóðs að viðlagðri ábyrgð skattaðila

skuli renna til einkaréttarlegs hlutafélags í meirihlutaeigu einkaaðila sem rekið sé í hagnaðarskyni og njóti jafnframt lögbundins einkaréttar til að stunda starfsemi sína. Þá sé beinlínis gert ráð fyrir því í lögnum að þessi skattheimta skuli meðal annars standa undir „hóflegum arði“ til hluthafa félagsins.

22. Framangreindu fyrirkomulagi er nánar lýst í lögskýringargögnum að baki lögnum og vísar stefnandi þá sérstaklega til athugasemda við 2. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 52/1989, sbr. (Alþingistíðindi (Alþt.). 1988–89, A-deild, bls. 2399.) Einnig vísist um sjónarmið hér að baki til almennra athugasemda með lögnum, einkum Alþt.1988–89, A-deild, bls. 2398.).

23. Með breytingalögum nr. 26/2000 hafi verið gerðar breytingar á 1. gr. laga nr. 52/1989 og umsýsluþóknun til Endurvinnslunnar hf. meðal annars hækkuð. Sem fyrr hafi hækkun verið skýrð í athugasemdum við frumvarp til breytingalaganna og meðal annars með þessum rökum: „Rekstur Endurvinnslunnar hf. hefur staðið undir sér fram að þessu enda tókst félaginu óvænt að verða sér úti um verulega tekjur á markaði fyrir endurrunnið plast í Evrópu sem ekki hafði verið gert ráð fyrir í upphaflegum áætlunum. Rekstraráætlun fyrir árið 1999 gerir hins vegar ráð fyrir verulegu tapi og ekki eru horfur á að ástandið muni batna að óbreyttri löggjöf. Vegna lögákveðinna rekstrarforsendna Endurvinnslunnar hf. hefur félagið ekki getað velt lækkuðum tekjum og auknum gjöldum vegna hinnar óhagstæðu þróunar, sem gerð var grein fyrir hér að framan, og vegna almenns kostnaðarauka í þjóðfélaginu út í verðlag vöru sinnar. [...] Þannig þykir einsýnt að umsýsluþóknun þurfi að hækka frá því sem lög nr. 52/1989 kveða á um til að tryggja Endurvinnslunni hf. rekstrargrundvöll.“ (Alþt. 1999–2000, A-deild, bls. 1280.).

24. Umsýsluþóknun til félagsins var að sögn stefnanda enn hækkuð með breytingalögum nr. 20/2003, sbr. athugasemdir með frumvarpi til þeirra laga um tilefni þeirrar hækkunar: (Alþt. 2002–2003, A-deild, bls. 3684). Þá var umsýsluþóknun vegna umbúða úr ólituðu plastefni hækkuð með breytingalögum nr. 82/2004. Í athugasemdum við frumvarp til laganna sagði svo um hækkunina: „Lagt er til í frumvarpi þessu að fjárhæð umsýsluþóknunar af ólituðu plastefni verði hækkuð úr 0,36 kr. í 0,76 kr. þar sem Endurvinnsluna hf. vantar 12 millj. kr. til að standa undir rekstrarkostnaði ársins 2004 auk 6–7 millj. kr. hagnaðar, en skv. 4. gr. laganna ber

Endurvinnslunni hf. að skila hóflegum arði til eigenda sinna. Hækkun umsýsluþóknunar mun skila um 12. millj. hækkun á umsýsluþóknun á ári.“ (Alpt. 2003–2004, A-deild, bls. 5151).

25. Með breytingalögum nr. 47/2007 hafi skilagjald samkvæmt lögum nr. 52/1989 hækkað. Um þessar hækkanir sé sem fyrr fjallað í athugasemdum (sbr. Alpt. 2006–2007, A-deild, bls. 6301). Þá hafi sagt í frumvarpinu: „Skilagjald á einnota umbúðir var fram til 1. mars sl. 10,00 kr. og skiptist þannig að skilagjald án virðisaukaskatts var áður nefndar 8,04 kr. og virðisaukaskatturinn var 1,96 kr. Lækkun virðisaukaskatts á matvæli hefur í för með sér umtalsverða tekjuskerðingu fyrir Endurvinnsluna hf. sem felst einkum í því að ef skilagjald verður áfram 8,04 kr. mun innheimt skilagjald af einnota umbúðum af öðrum drykkjum en áfengum einungis vera 8,60 kr. í stað 10,00 kr. Skilagjald af umbúðum áfengra drykkja verður áfram 10,00 kr. Breyting á virðisaukaskatti á matvæli hefur jafnframt áhrif á uppreikning umsýslugjalds þar sem fjárhæðir þess eru einnig án virðisaukaskatts og tekjur endurvinnslunnar hf. af umsýslugjaldi er þóknun ásamt virðisaukaskatti. Umsýslugjald er grunnforsenda rekstrartekna félagsins. Í ljósi þessa er lagt til í frumvarpi þessu að breyting verði gerð á lögnum til að leiðrétta þau áhrif sem lækkunin hefur.“ (Alpt. 2006–2007, A-deild, bls. 6301.)

26. Með breytingalögum nr. 65/2017 hafi í fyrsta sinn verið lögð umsýsluþóknun á umbúðir úr áli. Um ástæður þess sagði svo í frumvarpi til laganna: „Samkvæmt 1. gr. laganna skal til viðbótar skilagjaldi taka umsýsluþóknun fyrir hverja umbúðaeiningu úr stáli, gleri og plastefni. Umsýsluþóknun er hugsuð sem viðbótargjald við skilagjald á þær drykkjarvöruumbúðir sem ekki bera sig fjárhagslega með tilliti til hlutdeildar í skilagjaldi og útflutningi. Umsýsluþóknun er því í raun sú stærð sem hægt er að hreyfa ef útflutningsverð á umbúðum og hlutur í skilagjaldi breytast. Samkvæmt lögnum bera stál, gler og plastefni umsýslugjald en ekki ál. Væntanlega hefur verið litið svo á að ekki þyrfti að setja slíkt gjald á ál enda verðmæti áls meira en flestra annarra málma sem er safnað og hugsanlegt að ekki hafi verið gert ráð fyrir að skil á álumbúðum væru yfir 90% eins og þau eru í dag. Álverð hefur verið sögulega lágt undanfarið og gengi krónunnar styrkst verulega. Því er komin upp sú staða hjá Endurvinnslunni hf. að tekjur vegna áls, þ.e. sala álumbúða, eru minni en kostnaður fyrirtækisins við meðhöndlun áls. Til að mæta þessu hefur umsýsluþóknun verið hækkuð á aðrar umbúðir en ál en slíkt verður að teljast óeðlilegt. Er því talið rétt að leggja til að umsýsluþóknun verði sett á álumbúðir en gjaldinu

verði stillt í hóf, 0,20 kr. á hverjar álumbúðir.“ (146. löggjafarþing 2016–2017, þskj. 453, bls. 24.).

27. Í frumvarpinu hafi jafnframt verið vikið að heimildum ráðherra samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laganna til að breyta þeim gjöldum sem lögin kveða á um með reglugerð. Í ákvæðinu hafi ráðherra verið falið að kveða nánar á um fjárhæð, innheimtu og endurgreiðslu skilagjalds, gerð og efnisval skilagjaldsskyldra umbúða og upphæð umsýsluþóknunar. Þá sé tekið fram að við ákvörðun umsýsluþóknunar skuli við það miðað að félagið geti staðið undir kostnaði við starfsemina og skilað hluthöfum hóflegum arði af hlutafé. Um þetta hafi sagt í athugasemdum við síðastgreint frumvarp: „Það er vilji Endurvinnslunnar hf. og ráðuneytisins að gjaldið taki mið af markaðsverði á áli á hverjum tíma auk þróunar gengis og skila á umbúðum til fyrirtækisins. Það er því ekkert því til fyrirstöðu að umsýsluþóknun fyrir álumbúðir fari niður í 0 kr., og þá með breytingu á reglugerð, ef aðstæður á markaði breytast.

28. Stefnandi leggur áherslu á að eina breytingin sem gerð hafi verið á 4. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna varði töku umsýsluþóknunar fyrir álumbúðir. „Skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 52/1989 geti ráðherra kveðið nánar á um upphæðir umsýsluþóknana í reglugerð. Þessa heimild hafi ráðherra nýtt sér, sbr. síðari breytingar á reglugerð nr. 368/2000, um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur, og því gefi upphæðir umsýsluþóknana í 4. málsl. 1. mgr. 1. gr. laganna í lagasafninu ekki rétta mynd af stöðu mála.“ (146. löggjafarþing 2016–2017, þskj. 453, bls. 24–25.).

Almennt um málatilbúnað stefnanda

29. Framanrakið fyrirkomulag skattheimtu samkvæmt lögum nr. 52/1989 með síðari breytingum sé, eins og fyrr segi, einsdæmi að mati stefnanda í núgildandi löggjöf og víki verulega frá þeim kröfum sem leiði af 40., 65., 72., 74. og 77. gr. stjórnarskrárinnar. Vegna þeirrar sérstæðu ákvörðunar löggjafans að mæla fyrir um skattheimtu í þágu einkaréttarlegs félags, meðal annars í því augnamiði að standa undir arðgreiðslum frá félaginu til hluthafa þess, reyni við úrlausn um lögmæti þessarar skattheimtu ekki aðeins á það grundvallarskilyrði 40., 65., 72. og 77. gr. stjórnarskrárinnar að við skattheimtu sé gætt jafnræðis milli hinna gjaldskyldu aðila og að hún sé nauðsynleg í þágu almannahagsmuna, fremur en í þágu einkahagsmuna sem

ekki geti réttlætt það inngrip í eignarrétt borgaranna sem skattheimta felur í sér, heldur jafnframt á samsvarandi skilyrði 74. gr. stjórnarskrárinnar sem mæli fyrir um neikvætt félagafrelsi sem og ákvæði EES-samningsins um samkeppni og ríkisaðstoð sem girði fyrir gjaldtöku í skjóli opinberra valdheimilda í þágu einkaaðila án þess að uppfyllt séu skilyrði meðal annars 61. gr. EES-samningsins.

30. Krafa stefnanda í málinu er reist á því að skilagjald og umsýsluþóknun auk virðisaukaskatts samkvæmt 1. gr. laga nr. 52/1989 teljist skattur eða gjald í skilningi ákvæða laga nr. 150/2019 um innheimtu opinberra skatta og gjalda og stefnda sé skylt samkvæmt ákvæðum þeirra laga að endurgreiða stefnanda þessi gjöld þar sem þau hafi verið oftekin í skilningi 8. gr. laganna. Eigi það einnig við að því leyti sem umrædd gjöld kunni að hafa verið oftekin í andstöðu við fyrirmæli 74. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. dóm Hæstaréttar 2. febrúar 2017 í máli nr. 250/2016, eða í andstöðu við ákvæði EES-samningsins.

31. Að því er varði EES-samninginn sérstaklega sé krafa stefnanda jafnframt reist á því að stefndi beri, auk skyldu til endurgreiðslu oftekinna gjalda á framangreindum grundvelli, jafnframt skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda á gjöldum sem lögð hafi verið á og innheimt andstætt ákvæðum samningsins sem nemi fjárhæð álagðra gjalda. Byggir stefnandi í því sambandi á því að stefndi beri skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni sem stefnandi hafi orðið fyrir af völdum brota stefnda á ákvæðum EES-samningsins enda sé um að ræða alvarlegt brot á réttindum sem samningurinn skapi stefnanda og orsakatengsl fyrir hendi milli brotsins og tjónsins, sbr. dóm Hæstaréttar 11. október 2018 í máli nr. 154/2017. Byggi stefnandi í því tilviki á því að skilyrði skaðabótaábyrgðar stefnda á þessum grundvelli séu öll uppfyllt í málinu.

Álagningin sé andstæð 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar

32. Stefnandi reisir málsástæðu sína um ólögmati álagðs skilagjalds og umsýsluþóknunar í fyrsta lagi á því að álagning þessara gjalda uppfylli ekki kröfur 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar.

33. Með ákvæðum 1. og 4. gr. laga nr. 52/1989 sé ráðherra framselt vald til að ákvarða bæði fjárhæð skilagjalds og umsýsluþóknunar með reglugerð. Eins og ráðið verði af áðurröktum athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 65/2017 breyti það ekki þessari heimild

ráðherra þótt fjárhæðir gjaldanna séu jafnframt tilgreindar í lögum enda afstaða löggjafans að ráðherra geti þrátt fyrir þá tilgreiningu gert breytingar á fjárhæðum gjaldanna með reglugerð. Þannig sé tekið fram í þessum athugasemdum að ekkert sé því til fyrirstöðu að vikið verði frá lögmætri fjárhæð skilagjalds á álumbúðir, sem lögfest hafi verið með lögunum, með reglugerð. Af þessum athugasemdum sé alveg ótvírætt að löggjafinn hafi með ákvæðum laga nr. 52/1989 með síðari breytingum framselt ráðherra vald til að ákveða hvort og í hvaða mæli skilagjald og umsýsluþóknun samkvæmt lögunum skuli lögð á andstætt 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Álagningin sé andstæð 65. gr. stjórnarskrárinnar og 14. gr. MSE

34. Stefnandi reisir málsástæðu sína um ólögmæti álagðs skilagjalds og umsýsluþóknunar í öðru lagi á því að gjaldtakan samrýmist ekki jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar og kröfu um jafnræði við skattheimtu.

35. Með því fyrirkomulagi að leggja skatt á allan innflutning drykkjarvöru í einnota umbúðum en láta tekjur af skattinum renna til félags í eigu fárra skattaðila sem þannig fá skattinn að hluta til endurgreiddan í formi eignarmyndunar og arðs sem félagið greiðir hluthöfum sínum sé jafnræði skattaðila raskað verulega andstætt framangreindum fyrirmælum stjórnarskrárinnar.

36. Eignarhald á Endurvinnslunni hf. sé ekki öllum opið á jafnræðisgrundvelli heldur bundið við núverandi eigendur félagsins og háð ákvörðunum þeirra um meðferð hluta sinna. Engin ákvæði séu í lögum sem skyldi núverandi hluthafa til að gefa öðrum kost á þátttöku í félaginu eða gefa þeim kost á að njóta þess skattaafsláttar sem eigendur félagsins njóti í krafti eignarhalds síns.

37. Framangreind mismunun skattaðila sé hvorki málefnaleg né nauðsynleg í þágu markmiða laga nr. 52/1989. Í henni felist því ólögmæt mismunun skattaðila sem sé andstæð ákvæðum 65. gr. stjórnarskrárinnar og 72. gr. hennar og 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), sbr. 1. gr. 1. viðauka hans, og því ólögmæt.

Álagningin sé andstæð 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. viðauka MSE

38. Stefnandi reisir málsástæðu sína um ólögmati álagðs skilagjalds og umsýsluþóknunar í þriðja lagi á því að gjaldtakan uppfylli ekki áskilnað 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. viðauka MSE um lagaheimild, lögmætt markmið og meðalhóf.

39. Gjaldtaka af því tagi sem mælt sé fyrir um í ákvæðum laga nr. 52/1989 feli eðli málsins samkvæmt í sér inngríp í eignarrétt hinna gjaldskyldu aðila sem uppfylla þurfi þau skilyrði sem ákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. viðauka MSE setji slíkum inngrípum.

40. Eins og rakið sé að framan uppfylli gjaldtakan ekki lagaáskilnaðarkröfur 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar. Þar sem gjaldtakan uppfylli þær ekki uppfylli hún heldur ekki kröfur 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. viðauka MSE um viðhlítandi lagaheimild og meðalhólf. Þá uppfylli gjaldtakan heldur ekki áskilnað sömu ákvæða um lögmætt markmið, það er almenningsþörf eða almannaheill. Inngríp í eignarrétt borgaranna verði ekki réttlætt með vísan til annarra hagsmuna en almannahagsmuna. Markmið gjaldtöku samkvæmt lögum nr. 52/1989 sé hins vegar meðal annars það að standa undir hagnaði einkaréttarlegs félags í eigu fárra hluthafa og arðgreiðslum félagsins til þeirra.

41. Augljóst sé að ná mætti umhverfisverndarmarkmiðum laganna án þess að taka gjald til að standa undir kostnaði af rekstri Endurvinnslunnar hf. og arðgreiðslum til eigenda þess félags. Sem dæmi um hliðstæða gjaldtöku sem fram fari í þessu skyni án þess að hluti hennar renni sem hagnaður til einkaaðila megi nefna gjaldtöku á grundvelli laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald.

Álagningin sé andstæð 74. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. MSE

42. Stefnandi reisir málsástæðu sína um ólögmati álagðs skilagjalds og umsýsluþóknunar í fjórða lagi einnig á því að gjaldtakan uppfylli ekki áskilnað 74. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. MSE um lögmætt markmið og meðalhóf.

43. Eins og Hæstiréttur hafi ítrekað slegið föstu feli skylda til að greiða gjald sem rennur til einkaréttarlegs félags, óháð vilja gjaldanda, eftir atvikum í sér inngríp í neikvætt félagafrelsi gjaldanda sem njóti verndar 74. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. MSE. Gjaldtaka stefnda af

stefnanda á grundvelli laga nr. 52/1989 feli í sér slíkt inngríp þar sem tekjur af gjaldinu renni óskipt til Endurvinnslunnar hf. með sama hætti og til að mynda gjöld þau sem fjallað var um í dómi Hæstaréttar 2. febrúar 2017 í máli nr. 250/2016.

Álagningin er andstæð EES-samningnum

44. Stefnandi reisir málsástæðu sína um ólögmæti álagðs skilagjalds og umsýsluþóknunar og um leið bótaskyldu stefnda af því tilefni í fimmta lagi á því að gjaldtakan samrýmist ekki ákvæðum EES-samningsins. Samkvæmt 61. gr. samningsins sé hvers kyns aðstoð sem aðildarríki samningsins veitir eða veitt sé af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara ósamrýmanleg framkvæmd samningsins að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila nema annað sé ákveðið í samningnum.

45. Með ákvæðum laga nr. 52/1989 sé Endurvinnslunni hf. veittur einkaréttur til starfsemi sinnar og tryggðar tekjur af ríkisfjármunum með hætti sem ljóslega sé til þess fallinn að útiloka alla samkeppni við félagið. Þá sé jafnframt ljóst að sú ríkisaðstoð sem félagið njóti samkvæmt ákvæðum laganna hafi áhrif á viðskipti milli aðila samningsins enda stundi félagið viðskipti yfir landmæri með þær umbúðir sem það safnar í skjóli einkaréttar síns og ríkistekna. Framangreind ríkisaðstoð uppfylli því ekki þau skilyrði sem greini í 61. gr. EES-samningsins og séu því ósamrýmanleg framkvæmd hans.

46. Samkvæmt framangreindu séu ákvæði laga nr. 52/1989 sem lúti að álagningu og ráðstöfun skilagjalds og umsýsluþóknunar andstæð ákvæðum EES-samningsins og laga nr. 2/1993 og þar með ólögmæt.

47. Með gjaldi sem lagt hafi verið á og innheimt af stefnanda í andstöðu við ákvæði EES-samningsins hafi stefndi jafnframt bakað stefnanda tjón sem nemi fjárhæð gjaldsins. Á þessu tjóni beri stefndi bótaábyrgð gagnvart stefnanda á grundvelli EES-samningsins og meginreglna EES-réttar.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

48. Stefndi bendir á að innheimta skilagjalds og umsýsluþóknunar byggist á skýrri lagaheimild, hún byggist á lögmætu markmiði um umhverfisvernd, taki jafnt til allra framleiðenda og innflytjenda, byggist á evrópsku sniði um rekstur söfnunarkerfa með þátttöku fyrirtækja í drykkjarvöruiðnaði, loki ekki á aðkomu áhugasamra aðila að starfsemi sinni, byggist á tilskipunum ESB um varnir gegn umbúðamengun, leiði ekki til eignamyndunar hluthafa þess, vegna hagnýtingar á ógreiddu skilagjaldi, og hafi í för með sér hóflegt endurgjald í samræmi við lög, sem virki sem hvati til þátttöku í starfsemi Endurvinnslunnar hf. Því hafni stefndi öllum málsástæðum stefnanda.

49. Stefnandi byggir á því að skilagjald og umsýsluþóknun teljist skattur eða gjald í skilningi laga nr. 150/2019 en rétt sé að hafa í huga að þau lög tóku gildi þann 31. desember 2019. Lögin eigi þó við um endurgreiðslukröfu þessa í samræmi við 21. gr. þeirra. Hvort sem fallist sé á þann skilning stefnanda að gjaldtakan teljist skattur eða að þetta séu þjónustugjöld sé ljóst að gjaldtakan byggist á skýrum lagaákvæðum.

50. Þannig telji stefnandi álögð skilagjöld og umsýsluþóknun vera ólögmæt þar sem lög nr. 52/1989 uppfylli ekki lagaskilnaðarkröfur 40. og 77. gr. stjórnarskrár um heimildir til skattheimtu vegna ólögmæts framsals.

51. Þessu er harðlega mótmælt af hálfu stefnda. Skilagjöldin séu markaðar tekjur í fjárlögum. Árið 2019 hafi þau numið 2.930. m. kr. sem áætlaðar hafi verið í tekjur og að sama skapi hafi sama fjárhæð verið mörkuð til Endurvinnslunnar hf. Fyrirtækið taki því á móti allri fjárhæðinni og endurgreiði skilagjaldið til þeirra sem skila umbúðum og haldi því skilagjaldi sem ekki sé greitt út sem og umsýsluþóknun.

52. Skilagjald og umsýsluþóknun séu innheimt af tollyfirvöldum í samræmi við lög nr. 52/1989. Endurvinnslan hf. sjái um umsýslu skilagjaldsins eins og fram sé komið. Umsýsluþóknun ásamt því skilagjaldi sem ekki sé greitt út eigi að standa undir rekstrinum og þeirri þjónustu sem félagið veiti við að safna og koma þeim umbúðum sem falla undir lögin til endurvinnslu á öllu landinu, sbr. 2. gr. laganna. Þannig reki Endurvinnslan hf. móttökustöðvar um allt land og hafi

unnið og staðið að auglýsingum og herferðum til að ná markmiðum um endurvinnslu. Starfsemin sé byggð á almannabörf og sé í þágu almennings og umhverfis.

53. Gjaldtaka vegna skilagjalds og umsýslubóknunar sé ákveðin af Alþingi í lögum nr. 52/1989. Upphæðir þeirra séu tilgreindar í 1. gr. laganna ásamt reglugerð nr. 750/2017. Skýrt sé hver er gjaldandi og gjaldstofninn sé einnig skýr. Þau gjöld sem innheimt hafi verið af stefnanda byggist því á 1. gr. laga nr. 52/1989. Ekki sé því um að ræða í þessu máli að upphæðir hafi verið ákveðnar af ráðherra. Í 1. gr. laganna segi að ráðherra skuli hækka gjöld í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Hér sé ekki um að ræða mat ráðherra og þar með ekki ólögmaðt framsal valds til ráðherra. Upphæð gjalda í 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 750/2017 sé sú sama og í 1. gr. laga nr. 52/1989.

54. Stefnandi haldi því fram að gjaldtakan samrýmist ekki jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrár og 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þessu er alfarið mótmælt. Skilagjald og umsýslubóknun leggist jafnt á alla framleiðendur og innflytjendur drykkjarvara sem falli undir skilakerfið. Skilagjöldin séu auðvitað í reynd greidd af neytendum í gegnum vöruverð og þeir fái svo skilagjaldið endurgreitt hjá Endurvinnslunni hf. við skil á drykkjarvöruumbúðum. Skilagjaldið eigi því ekki að vera íþyngjandi fyrir framleiðendur og innflytjendur þar sem neytandinn greiði gjaldið og fái svo endurgreitt. Eigendur Endurvinnslunnar hf., sem séu framleiðendur eða innflytjendur, njóti ekki betri stöðu en aðrir sem taki þátt í skilakerfinu. Um sé að ræða samfélagslegt hlutverk sem hafi umhverfisvernd að markmiði. Eigendur hafi hvorki haft óhóflegan arð af starfseminni né eignamyndun umfram stofnfé sem þeir hafi lagt fram. Þá sé ekki unnt að halda því fram að fjárhagslegur ávinningur sé markmið hluthafa sem taka þátt í starfsemi Endurvinnslunnar hf. með framlagningu stofnfjár/hlutafjár. Með því að greiða hóflegan arð sé hvati fyrir haghafa til þess að taka þátt í starfsemi Endurvinnslunnar hf. umfram það að taka þátt eins og lögboðið sé í skilakerfinu með því að greiða lögbundin gjöld til þess. Óheimilt sé að greiða út til hluthafa annað en það sem teljist vera hóflegur arður og við mat á því hvað teljist vera hóflegur arður sé unnt að líta til arðsemi af áhættulítilli fjárfestingu vegna framlagningar á stofnfé. Eins og áður hafi komið fram verði arður væntanlega ekki greiddur næstu fimm ár.

55. Hlutfé í Endurvinnslunni hf. sem gengið hafi kaupum og sölum hingað til hafi aldrei verið metið m.t.t. bókfærðs eigin fjár félagsins eða með öðrum virðisaðferðum. Kaupverð hafi verið ákvarðað þannig að upphafleg hlutfjárgreiðsla sé virt miðað við lánskjaravísitölu og svo samsetta lánskjara- og neysluverðsvísitölu frá árinu 1995.

56. Engin stoð sé fyrir vísan stefnanda til jafnræðisreglu.

57. Stefnandi vísi einnig til 72. gr. stjórnarskrár og 1. gr. 1. viðauka MSE. Eins og öðru sé því mótmælt og hafnað af hálfu stefnda. Stefnandi byggi á því að gjaldtakan skerði eignarrétt hans. Því haldi hann fram þrátt fyrir að gjaldheimildir séu ákveðnar í lögum og ekki háðar mati hverju sinni. Þau gjöld sem stefnandi hafi greitt hafi verið í samræmi við lögin hverju sinni enda öðru ekki haldið fram.

58. Áður hafi verið fjallað um þá almannahagsmuni og umhverfisverndarsjónarmið og markmið sem liggja að baki því skilakerfi sem lög nr. 52/1989 mæli fyrir um. Einnig hafi verið grein fyrir því hvernig Endurvinnslan hf. sé rekin í þágu markmiða sinna og lagaskyldna og sýnt fram á að fullyrðingar um óhóflegan arð og mikla eignamyndun hluthafa eigi ekki við rök að styðjast. Þannig sé eignarréttur stefnanda ekki skertur og ekki gengið lengra en nauðsyn beri til. Hafa skuli í huga að stefnandi fullyrði að hann sé útilokaður frá þátttöku í Endurvinnslunni hf. Það sé þó þannig að 18% hlutur í fyrirtækinu hafi verið til sölu í 31 ár en ekki tekist að selja hann. Endurvinnslan hf. hafi þurft að kaupa 6% í eigin bréfum eftir að Kaupmannasamtökin hafi selt sig út. Samkvæmt upplýsingum frá Endurvinnslunni hf. fari öll viðskipti með hluti fram á verði sem sé uppreiknað stofnfé og hafi stefnanda verið boðið að kaupa sig inn í félagið en það tilboð hafi ekki verið þegið.

59. Stefnandi telji í stefnu að gjaldtakan fari í bága við 74. gr. stjórnarskrár og 11. gr. MSE. Vísi stefnandi m.a. til dóms Hæstaréttar í máli nr. 250/2016. Þessari málsástæðu er hafnað af hálfu stefnda.

60. Eins og áður komi fram hefur aðild að Endurvinnslunni hf. verið opin og hlutir til sölu frá stofnun, einmitt á grundvelli jafnræðis við aðra eigendur með því að miða við uppreiknað

stofnfé. Þá verði greiðslu skilagjalds og umsýsluþóknunar samkvæmt lögum ekki jafnað til félagsgjalds, eins og stefnandi virðist halda fram. Skilagjaldið sé að endingu greitt af kaupanda vörunnar og fáist endurgreitt við skil á umbúðum. Gjaldtakan sé lögbundin og tilkomin vegna umhverfisverndar og almannahagsmuna. Tilgangur gjaldanna, umsýsla og ráðstöfun þeirra sé tilgreind með skýrum hætti í lögum.

61. Bent sé á að þrátt fyrir að stefnandi sé skyldugur skv. lögum nr. 52/1989 til greiðslu skilagjalds og umsýsluþóknunar á einnota drykkjarvöruumbúðir sé hann ekki skyldugur til að taka þátt í þeirri starfsemi sem reki skilakerfið, þ.e. starfsemi Endurvinnslunnar hf., þótt hann geti tekið þátt í starfseminni til jafns við aðra aðila kjósi hann svo með því að leggja fram uppreiknað stofnfé. Þannig sé stefnandi ekki skyldaður til aðildar að félaginu þó honum sé heimilt að taka þátt í starfseminni ef hann kjósi svo. Eins og áður hafi komið fram hafi stefnandi hafnað þeim kosti eftir fund með framkvæmdastjóra og formanni stjórnar Endurvinnslunnar hf.

62. Stefnandi heldur því fram að tekjur renni óskipt til Endurvinnslunnar hf. með sama hætti og gjöld þau sem fjallað hafi verið um í dómi Hæstaréttar nr. 250/2016 og að gjaldtakan sé ekki nauðsynleg og markmið starfseminnar ekki lögmætt.

63. Varðandi tilvitnaðan dóm Hæstaréttar vill stefndi taka fram að samkvæmt efni þess dóms hafi hann ekki fordæmisgildi um það sakarefni sem hér sé fjallað um. Skylda til að innheimta og skila til ríkisins skilagjaldi sem renni til Endurvinnslunnar hf., sem hafi þann lögmæta tilgang að standa að endurvinnslu umbúða, varði ekki frelsi til að standa utan félaga, en um það snerist tilvitnaður dómur. Tilgangur með gjaldtöku annars vegar í dómi Hæstaréttar og hins vegar í þessu dómsmáli sé mjög ólíkur og markmið og umsýsla gjaldanna ekki eins útfærð í lögum nr. 84/1997 um búnaðargjald og í lögum nr. 52/1989. Komið hafi fram í frumvarpi sem varð að lögum nr. 84/1997 að tilgangurinn með búnaðargjaldi hefði verið og væri væntanlega að einfalda álagningu gjalda í landbúnaði, bæta innheimtu þeirra og styrkja innheimtuúrræði. Því verði ekki líkt saman við þá skýru almannahagsmuni sem liggja að baki skilakerfi einnota drykkjarvöruumbúða. Í dóminum komi fram að gjaldtaka eða greiðsluskylda verði að vera lögmælt en einnig nauðsynleg til að félagin geti sinnt lögmæltu hlutverki sínu. Niðurstaða dómsins hafi verið sú að Bjargráðasjóður uppfyllti þá skyldu enda hlutverk hans skýrt og

lögbundið. Hins vegar taldi dómurinn annað eiga við um Bændasamtök Íslands, Svínaræktarfélag Íslands og Búnaðarsamband Kjalarnesþings, enda ekki leitast við að tryggja í lögum um búnaðarmálagjald að þeim greiðslum sem svínaframleiðendur inni af hendi og renni til samtakanna sé varið í þágu uppbyggingar greinarinnar eða til að gæta hagsmuna framleiðenda, ekki liggi annað fyrir en að framlagið sé til frjálsrar ráðstöfunar samtakanna.

64. Allt öðru máli gegni um Endurvinnsluna hf. og skilakerfi fyrir einnota drykkjarvöruumbúðir. Gjaldskylda, umsýsla og ráðstöfun gjalda sé lögmælt og í þágu almannahagsmuna. Skilakerfið sé í þágu umhverfisverndar og almannahagsmuna og starfsemin til þess fallin að ná þeim markmiðum. Gjaldið renni óskipt í ríkissjóð og samkvæmt lögmæltri heimild hafi stefndi heimild til að semja við Endurvinnsluna hf. um að félagið reki söfnunarkerfi fyrir einnota drykkjarvöruumbúðir á landsvísu og endurgreiði skilagjaldið fyrir hönd ríkissjóðs til neytenda við skil á umbúðum í móttökustöðvar Endurvinnslunnar hf.

65. Þannig sé því engin þvinguð félagsaðild fólgin í gjöldunum, gagnstætt því sem lesa megi út úr stefnunni.

66. Loks byggi stefnandi á því að álagning gjalda sé andstæð EES-samningnum, einkum um ríkisaðstoð. Því sé einnig hafnað af hálfu stefnda.

67. Starfsemi Endurvinnslunnar hf. sé í samræmi við regluverk ESB, tilskipun nr. 94/62/EB og tilskipun nr. 2008/95/ESB og stefnur og markmið um að safna og koma til endurvinnslu einnota drykkjarvöruumbúðum. Rekstur félagsins sé með áþekku sniði og annars staðar á Norðurlöndum. Allir haghafar og þeir sem áhuga hafa á starfseminni geti lagt fram stofnfé á jafnræðisgrundvelli við aðra sem komi að félaginu. Endurvinnslan hf. sé ekki hagnaðardrifin heldur fái fjármagn til að standa undir skuldbindingum sínum, sem séu lögbundnar og í þágu almennings og umhverfisverndar. Engin ívilnun sé veitt sem geti skaðað samkeppni. Ekki hafi verið sýnt fram á að hófleg arðgreiðsla vegna bindingar á stofnfé í félagi sem sinni umhverfis- og almannahagsmunum raski samkeppni. Skila- og umsýslugjöldin taki bæði til innlendra framleiðenda og innflytjenda. Starfsemin hafi umhverfisvernd að leiðarljósi, samfélagslega

ábyrgð og almannahag og þurfi að ná mörkum um söfnun og endurvinnslu sem stefnt sé að á EES- svæðinu.

68. Rétt sé að hafa í huga að stefnandi sýni ekki fram á neitt tjón vegna kröfu sinnar, enda sé gjaldið sett inn í vöruverð og neytandi eða kaupandi vöru greiði það. Einnig beri að athuga að lögin voru fyrst sett 1989 en stefna málsins er þingfest 14. janúar 2020. Verður að virða það sem tómlæti.

69. Til stuðnings kröfum stefnda um málskostnað vísast til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 129. og 130. gr.

Niðurstaða

70. Í máli þessu krefst stefnandi endurgreiðslu þess sem hann telur oftekinn skatt íslenska ríkisins, í formi skilagjalda og umsýsluþóknunar sem stefndi hafi innheimt af drykkjarvöruumbúðum, á tímabilinu frá 15. janúar 2016 til 15. nóvember 2019. Telur stefnandi innheimtuna ólögmeta og reisir kröfur sínar á því að hún fari í bága við ákvæði stjórnarskrár og grundvallarreglur stjórnskipunar- og skattaréttar. Þá telur hann að gjaldtakan uppfylli ekki áskilnað um lögmett markmið og að hún brjóti gegn meðalhófi og jafnræði. Sé ekki um að ræða heimila skattheimtu heldur ólögmeta skerðingu á eignarrétti og félagafrelsi stefnanda.

71. Stefndi vísar öllum sjónarmiðum stefnanda á bug og telur innheimtu skilagjalds, auk umsýsluþóknunar, í samræmi við lög nr. 52/1989 sem séu fullgild skattlagningarheimild.

72. Samkvæmt 40. gr. stjórnarskrárinnar má engan skatt á leggja, breyta eða af taka, nema með lögum og í 1. mgr. 77. gr. hennar segir einnig að skattamálum skuli skipað með lögum. Eftir breytingu 1. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar með stjórnskipunarlögum nr. 95/1995 er jafnframt kveðið á um það í ákvæðinu að ekki megi fela stjórnvöldum ákvörðun um hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann. Í skýringum við ákvæðið í frumvarpi til þeirra laga segir meðal annars að með því hafi verið leitast við að taka af skarið, með miklu ákveðnari hætti en áður, um að löggjafinn megi ekki framselja ákvörðunarrétt um þessi atriði til framkvæmdarvaldsins, heldur verði að taka afstöðu til þeirra í lögum. Í ákvæðinu felst því

fortakslaust bann við því að almenni löggjafinn heimili stjórnvöldum að ákveða hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 21. október 1999 í máli nr. 64/1999. Í ákvæðum 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar felst samkvæmt framangreindu nánar tiltekið að kveða verði á um skattskyldu og skattstofna í lögum auk þess sem taka þurfi í lögum rökstudda afstöðu til fjárhæðar gjaldsins, sbr. dóm Hæstaréttar 23. mars 2017 í máli nr. 213/2016.

73. Að framan er rakin sú umgjörð sem sett var með lögum nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, en rétt þykir hér að skerpa á helstu atriðum samhengisins vegna.

74. Með lögunum var ákveðið að á innfluttar drykkjarvörur í einnota umbúðum úr stáli, áli, gleri og plastefni skuli leggja skilagjald sem innheimt skuli við tollafgreiðslu. Skuli gjaldið nema 14,41 kr. án virðisaukaskatts, á því tímabili sem hér er til skoðunar, á hverja umbúðaeiningu og skuli ráðherra hækka hámarksfjárhæðina í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs frá síðustu hækkun gjaldsins. Sama gjald skuli lagt á drykkjarvörur sem framleiddar eru eða átappaðar hér á landi og seldar eru í sams konar umbúðum og að framan greinir að undanskildum þeim vörum sem seldar eru til tollfrjálsrar verslunar. Til viðbótar skilagjaldi skuli með sama hætti taka umsýsluþóknun fyrir hverja umbúðaeiningu úr stáli, áli, gleri og plastefni og skal fjárhæð hennar án virðisaukaskatts vera 5,50 kr. fyrir umbúðir úr stáli, 0,20 kr. fyrir umbúðir úr áli, 5,30 kr. fyrir umbúðir úr gleri stærri en 500 ml, 3,90 kr. fyrir umbúðir úr gleri 500 ml og minni, 3,20 kr. fyrir umbúðir úr lituðu plastefni og 1,30 kr. fyrir umbúðir úr ólituðu plastefni. Í 2. mgr. segir að þeir aðilar sem hafi fengið leyfi tollyfirvalda til að selja farþegum og áhöfnum millilandafara við komu til landsins vörur úr tollfrjálsri verslun, sbr. 2. mgr. 104. gr. tollalaga, nr. 88/2005, skuli leggja á og greiða gjald skv. 1. mgr. eins og um væri að ræða sölu innanlands.

75. Þá segir í 1. mgr. 2. gr. sömu laga að ráðherra skuli beita sér fyrir stofnun hlutafélags sem taki að sér umsýslan skilagjaldsins svo og söfnun og endurvinnslu einnota umbúða er falla undir

lögin. Til samvinnu um stofnun og starfsemi hlutafélagsins skuli ráðherra heimilt að kveðja til aðila sem áhuga hafi á málinu. Heimilt sé að semja við félagið um að það fái umsýsluþóknun skilagjaldsins til að standa undir rekstri sínum og auk þess skilagjald af þeim umbúðum sem eigi sé skilað. Ríkissjóði sé heimilt að eiga aðild að félaginu og leggja fram allt að 12 milljónum króna. Í 2. mgr. segir að félagið skuli hafa einkarétt til framangreindrar starfsemi hér á landi.

76. Í 1. mgr. 4. gr. sömu laga kemur fram að í reglugerð sem ráðherra er fari með meðhöndlun úrgangs setur skuli kveðið nánar á um framkvæmd laganna, m.a. um fjárhæð, innheimtu og endurgreiðslu skilagjaldsins, gerð og efnisval skilagjaldsskyldra umbúða fyrir drykkjarvörur og upphæð umsýsluþóknunar. Við ákvörðun umsýsluþóknunar skuli við það miðað að félagið geti staðið undir kostnaði við starfsemina og skilað hluthöfum hóflegum arði af hlutafé.

77. Undir rekstri málsins hafa orðið breytingar á lögunum og 1. maí sl. tóku gildi lög nr. 30/2021 um breytingu á lögum nr. 52/1989 en með þeim var til að mynda felld úr gildi heimild í 1. gr. til handa ráðherra um að hækka skilagjaldið með hliðsjón af vísitöluhækkunum og í 4. gr. að ákveða m.a. fjárhæð gjaldsins í reglugerð. Þá var skilagjald hækkað sem og umsýsluþóknun fyrir einstaka umbúðir. Annar málsliður 4. gr. laganna var jafnframt felldur niður en í honum var framangreint ákvæði um að ákvörðun umsýsluþóknunar skyldi miðuð við að félagið gæti staðið undir kostnaði við starfsemina og skilað hluthöfum hóflegum arði af hlutafé.

78. Krafa stefnanda í málinu er reist á því að skilagjald og umsýsluþóknun, auk virðisaukaskatts samkvæmt 1. gr. laga nr. 52/1989, teljist skattur eða gjald í skilningi laga nr. 150/2019. Hugtakið skattur er ekki skilgreint í lögum en hefur verið skýrt svo af fræðimönnum og í dómaframkvæmd, að um sé að ræða gjald sem lagt er á tiltekinn hóp einstaklinga eða lögaðila samkvæmt einhliða ákvörðun hins opinbera eftir almennum, efnislegum mælikvarða og án sérstaks endurgjalds. Fyrir liggur að skilagjöldin, auk umsýsluþóknunar, eru lögð á innflutning og framleiðslu drykkjarvöru í einnota umbúðum samkvæmt lögum nr. 52/1989. Þá eru gjöldin innheimt af tollstjóra við tollafgreiðslu og álagning þeirra er kæránleg til yfirkattaneftndar. Enn fremur segir í 1. mgr. 9. gr. laganna að að því leytir sem eigi sé ákveðið í lögunum um gjöldin

skuli gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði tollalaga, nr. 88/2005, um innfluttar vörur og laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, um innlendar framleiðsluvörur. Með hliðsjón af framangreindu er fallist á það með aðilum málsins að skilagjöld auk umsýsluþóknunar séu í eðli sínu skattur.

79. Stefnandi tekur undir að hér sé um að ræða hefðbundinn skatt sem beri öll meginþekki skattheimtu í skilningi 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar. Frá þeirri hefðbundnu tilhögun telur stefnandi hins vegar vikið mjög verulega um ráðstöfun skattsins og vísar hann þá til þess hlutafélags, sem ráðherra skyldi beita sér fyrir stofnun á, líkt og hann hefur gert, til að annast umsýslu gjaldsins sem og söfnun og endurvinnslu einnota umbúða sem falla undir lög nr. 52/1989. Þetta fyrirkomulag skattheimtu sé einsdæmi í löggjöf og ólögætt.

80. Dómari vísaði máli þessu frá dómi með úrskurði 23. október 2020 á grundvelli vanreifunar, sbr. framangreinda umfjöllun. Meginrök dómara voru þau að nauðsynlegt væri að greina í sundur eiginlegt skilagjald innheimt á grundvelli laganna og umsýsluþóknun sem innheimt er samhliða á grundvelli sömu laga og er ætlað að standa undir rekstri Endurvinnslunnar hf. Telur dómari þannig að rök geti staðið til þess að mismunandi sjónarmið geti gilt um þessa hluta gjaldsins, en ágreiningslaust er með aðilum að heildarinnheimta þessara gjalda sé innheimt í formi skatts. Landsréttur hafnaði þessari niðurstöðu og vísaði málinu aftur í hérað, með úrskurði í máli nr. 629/2020, 10. desember 2020. Þar var vísað til þess að ekki væri ágreiningur með aðilum um fjárhæðir í málinu, innheimtu skattsins og gjalddaga og önnur þau atriði sem gætu girt fyrir efnisdóm. Þar var því afdráttarlaust hafnað að framangreindur skortur á skiptingu skattsins samkvæmt framangreindu undir rekstri málsins kæmi að sök enda ekki á honum byggt af hálfu aðila, og var sérstaklega tiltekið að varnaraðili, stefndi í þessu máli, hafi ekki gert greinarmun á þessu í sinni málsvörn.

81. Bæði í Landsrétti og fyrir dómi, eftir heimvísun málsins, hefur þrátt fyrir framangreint verið lagt fram skjal sem sýnir sundurliðun á milli þessara gjalda líkt og héraðsdómur m.a. kallaði eftir auk þess sem reikniskekkjur í eina framlagða dómskjali málsins í öndverðu hafa verið leiðréttar og útskýrðar.

Hvað sem líður því, og áherslum aðila í málatilbúnaði sínum, verður ekki fram hjá því litið, fyrir utan málsástæðu um óheimilt framsal á skattlagningarvaldi til ráðherra sem leiða eigi til endurgreiðslu innheimts skatts í samræmi við dómröfu stefnanda í heild sinni, að aðrar málsástæður stefnanda byggja einkum á því að ráðstöfun skattsins til einkahlutafélags sem að hluta til geti ráðstafað honum í eigin þágu, sé ólögmæt. Verður ekki hjá því komist að umfjöllun um málsástæður stefnanda verði af þessum sökum nokkuð keimlík, enda snýst hún í öllum tilvikum um sjálfan grundvöll skattheimtunnar og þá einkum framangreinda ráðstöfun skattsins.

82. Líkt og að framan er rakið verður að kveða á um skattskyldu og skattstofna í lögum auk þess sem taka þarf í lögum rökstudda afstöðu til fjárhæðar gjaldsins. Óheimilt er að framselja framkvæmdavaldinu heimildir til að taka slíkar ákvarðanir.

83. Stefnandi byggir á því að þótt gjöldin séu tilgreind í lögum sé ráðherra allt að einu fengin heimild til að ákveða fjárhæð þeirra í reglugerð, sbr. 1. og 4. gr. laganna. Þótt slík heimild hafi ekki verið nýtt og fjárhæð gjaldanna þannig hverju sinni átt sér lagastoð eins og þau hafi verið innheimt, leiði sú staðreynd þá þegar til ólögmætis skattheimtunnar að löggjafinn hafi sannanlega veitt ráðherra þessa heimild.

84. Á þetta verður ekki fallist sem almenna málsástæðu fyrir því að fallast beri á stefnukröfur í heild sinni. Skortir stefnanda að mati dómsins þannig lögvarða hagsmuni af því að fá úr málinu skorið á þessum grunni. Ef litið verður svo á að skattheimtan hafi að öðru leyti næga lagastoð hefur sú staða ekki komið upp að stefnandi eða aðrir skattaðilar hafi þá, á grundvelli ólögmæts framsals löggjafans á skattlagningarvaldi til ráðherra, greitt meira heldur en þeim bar samkvæmt skýrum lagafyrirmælum. Eftir stendur þá í raun hrein lögspurning sem tengist í grunninn engum fjárhagslegum hagsmunum stefnanda sem þá hefðu raungerst honum til tjóns. Enginn ágreiningur er þannig uppi um að ráðherra hagaði skattheimtunni hvað fjárhæð og hlutfall varðar í samræmi við lögin, sbr. þó eftirgreint, en nýtti ekki þá heimild sem honum var veitt í lögnum til að ákveða sjálfur fjárhæð gjaldanna. Í þessu sambandi athugast að heimild

sem ráðherra var í 1. gr. veitt til að breyta skilagjaldinu sjálfu, þ.e. að ráðherra skyldi hækka heimilað hámarksgjald í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs á hverjum tíma, verður ekki talið fela í sér ólöglegt framsal á skattlagningarvaldi þótt henni hefði verið beitt, enda mælikvarðinn hlutlægur og fastsettur af löggjafanum og engin matskennd ákvörðun lögð í hendur framkvæmdarvaldsins.

85. Á hinn bóginn verður að fallast á að með þeim fjárhæðum sem ráðherra ákvað með reglugerð nr. 1053/2015 um breytingu á 2. mgr. reglugerðar nr. 368/2000 um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur, en breytingin tók gildi 1. janúar 2016, hafi raungerst öllu víðtækari heimild ráðherra sem honum var veitt í 4. gr. laganna um að breyta fjárhæðum umsýsluþóknunar á einstaka tegundir umbúða. Í lögunum á þeim tíma var fjárhæðin ákveðin, 3,96 kr. á hverja umbúðaeiningu úr stáli, 2,91 kr. á umbúðir úr gleri stærri en 500 ml, 2,09 kr. á umbúðir úr gleri minni en 500 ml og umbúðir úr lituðu plastefni og loks 0,86 kr. á umbúðir úr lituðu plastefni. Í reglugerðinni voru sambærilegar fjárhæðir 5,50 kr. fyrir stál, 5,30 á gler stærra en 500 ml 3,90 kr. á minna gler, 3,20 kr. á umbúðir úr lituðu plastefni og 1,30 úr ólituðu plastefni.

86. Verður og að fallast á að þessi sundurgreining sem ekki var þó skýrð, að mati dómsins, með fullnægjandi hætti fyrir en við endurflutning málsins 30. apríl sl. rúmist innan málatilbúnaðar stefnanda eins og hann var lagður í upphafi. Skattheimta sem nemur mismun á þeirri umsýsluþóknun sem kveðið var á um í lögunum á tímabilinu frá gjalddaga 15. janúar 2016 til og með gjalddaga 15. maí 2017 átti sér því, að mati dómsins, ekki nægjanlega lagastoð þar sem grundvöllur hennar byggðist á of víðtæku framsali löggjafans á skattlagningarvaldi til stjórnvalds, sbr. umfjöllun hér að framan um grunnskilyrði lögmætrar skattheimtu.

87. Heildarfjárhæð umsýsluþóknunarinnar á þessu tímabili, sem ágreiningslaust er að stefnandi greiddi, nemur 9.587.778 kr., sbr. framlagt skjal við endurflutning málsins. Rétt gjald samkvæmt lagatexta á þessu tímabili hefði átt að nema 5.440.288 krónum. Stefnda verður því gert að endurgreiða stefnanda oftekinn skatt á þessu tímabili, alls 4.147.490 krónur í samræmi við sundurliðun á dómskjali sem hann lagði fyrir dóminn í þinghaldi sem boðað var til með

heimild í 104. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, 28. maí sl., sbr. framangreinda umfjöllun.

88. Eftir gildistöku laga nr. 65/2017, í júní 2017, um breytingu á fjárhæð umsýslugjaldsins, fór saman ákvörðun löggjafans um fjárhæð gjaldsins og ráðherra, þ.e. ráðherra nýtti þannig ekki til hækkunar eftir það þær heimildir sem honum voru sannanlega veittar með 4. gr. Fjárhæð gjaldanna voru því eftir þennan tíma að öllu leyti í samræmi við ákvörðun löggjafans og byggðu þannig á fullnægjandi og lögmætum grunni.

89. Ekki er hægt að fallast á að tómlæti geti girt fyrir endurgreiðslu á framangreindum hluta gjaldsins þótt stefndi hafi vísað til þess að lögin sem hér liggja til grundvallar séu að stofni til frá 1989.

90. Að sleppri framangreindri málsástæðu um ólögmætt framsal löggjafans á skattlagningarvaldi sem ekki er fallist á nema að afar litlu leyti, telur dómurinn að engin af öðrum málsástæðum stefnanda geti hróflað við skilagjaldinu sem slíku og þær séu haldlausar í þeim efnum. Skilagjaldið er þannig lagt á samkvæmt ótvíræðri lagaheimild og eftir því sem best verður séð á alla gjaldendur í sömu stöðu. Gjaldið byggist á skýrum almannahagsmunum og er ætlað að gæta að almannaheill; stuðla að verndun náttúru. Gjaldið er jafnframt greitt að langstærstum hluta til baka til neytenda við skil þeirra á einnota umbúðum í samræmi við markmið og tilgang löggjafarinnar.

91. Til viðbótar framangreindu sjónarmiði um óheimilt framsal skattlagningarvalds, og þar með ólögmæti skattlagningarinnar í heild sinni, teflir stefnandi fram þeirri málsástæðu að brotið sé með þessari skipan gegn jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrár. Sú málsástæða er þó ekki byggð á því að gjaldendur njóti ekki jafnræðis þegar kemur að álagningu og innheimtu gjaldsins, heldur einungis studd þeim rökum að gjaldið renni til félags í eigu m.a. fárra skattaðila, eftir

því sem mál skipast. Þ.e. sú tilhögun sé ólögmæt að skatturinn renni allur til Endurvinnslunnar sem sé hlutafélag í eigu stefnda og einkaaðila; eftir atvikum samkeppnisaðila stefnanda.

92. Í þessu sambandi athugist, eins og að framan greinir, að eðli og uppsetning þessarar skattheimtu er með þeim hætti að megingilgangur með henni er umhverfisvernd og aflvaki lagasetningarinnar hagsmunir almennings. Á allt þetta fyrirkomulag sér víðtæka skírskotun til skuldbindinga sem íslenska ríkið hefur undirgengist samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eins og fram kemur víða í lögskýringargögnum.

93. Gjaldið er sett á til að nýta síðan sem hvatningu til borgaranna til að skila einnota umbúðum inn til endurvinnslu í stað þess að þær dagi uppi í náttúrunni. Enginn ágreiningur verður að mati dómsins gerður um að þetta sé lögmætt og eðlilegt markmið og afrakstur þessa kerfis vafalaust til góðs fyrir almenning. Áhersla verður hins vegar lögð á að dómstólar meta ekki hvað sé almenningi til góðs og horfi til almannaheilla. Mati löggjafans á því verður alla jafnan ekki hnikað. Hins vegar geta dómstólar metið hvort slíkar ráðstafanir hvíli á lögmætum grunni og sjónarmiðum, s.s. jafnræðisreglu, og að gætt sé meðalhólfis.

94. Dómurinn telur að sú ákvörðun löggjafans að stofna hlutafélag sem vissulega er einkaréttarlegur aðili og heimilt er að einkaaðilar eigi hlut í, í þeim tilgangi að sýsla með umræddar skattgreiðslur og ráðstafa þeim, getur ekki leitt til þess ein og sér að skattheimtan sem slík í heild teljist ólögmæt. Hér er þannig um að ræða skattgreiðslur sem réttilega eru lagðar á alla sem undir skilgreiningu falla, eiga sér skýra lagastoð að mati dómsins, og renna í ríkissjóð. Löggjafinn hefur hins vegar ákveðið að umsýsla með gjaldið skuli vera á höndum framangreinds félags. Ekki er hægt að koma auga á að með þessu sé í grunninn verið að mismuna skattaðilum. Þannig getur þessi háttur sem hafður er á ekki skipt sköpum um lögmæti skattheimtunnar sem slíkrar eins og fyrr greinir. Að öðrum kosti yrði því væntanlega slegið föstu að fyrir fram ráðstöfun skattgreiðslna til skilgreinds hóps einstaklinga eða samtaka sé yfirhöfuð óheimil en á það verður ekki fallist ef gætt er við það lögmætra sjónarmiða. Í því sambandi athugast að meginreglan er augljóslega sú að dómstólar hafi almennt ekki vald til að ákvarða hvernig skattfé verður ráðstafað.

95. Með engu móti hefur það verið rökstutt að þeir aðilar sem leita eftir því að taka þátt í starfsemi félagsins, eftir atvikum aðilar í samkeppnisrekstri, geti með íþyngjandi hætti breytt fyrirkomulagi þessara mála þá í rekstri Endurvinnslunnar hf. þannig að skaðað geti hagsmuni stefnanda eða annarra gjaldenda skilagjalds. Verður enda ekki séð að byggt sé á því eða bent á að þessi hafi verið raunin. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að starfsemi félagsins hafi að einhverju leyti miðast við að hygla með nokkru móti hluthöfum þess og ekkert sem bendir til þess að hluthafar njóti einhvers sérstaks ávinnings af því að taka þátt í starfsemi félagsins eða að vera hluthafar nema að því leyti að ráðgert var í lögnum að hluthafar skuli njóta sanngjarns arðs af sínu framlagi sbr. nánar síðari umfjöllun.

96. Það í sjálfu sér, að gjaldið renni allt til hlutafélags sem heimilt er að sé í eigu einkaaðila, eins og raunin er, getur ekki eitt og sér talist brot á jafnræðisreglu. Fyrir liggur í málinu að ekki eru sjáanlegar takmarkanir á því hverjir geti átt aðild að því félagi sem hér um ræðir og ríkið kveður hlut sinn hafa verið til sölu um langa hríð en því hefur ekki verið mótmælt. Skiptir það þó ekki höfuðmáli í þessu sambandi heldur sú staðreynd að langstærstum hluta tekna þessa félags, sem vissulega eru skatttekjur, er ráðstafað á grundvelli laga til neytenda og eftir atvikum lögaðila í formi endurgreidds skilagjalds. Félagið hefur engan ráðstöfunarrétt á því gjaldi heldur hvílir á því lagaskylda að láta það af hendi að uppfylltum mjög skýrum og einföldum skilyrðum sem eru skil til félagsins á einnota umbúðum fyrir drykkjarvörur. Jafnframt hvílir ótvíræð skylda á félaginu til að ráðstafa innheimtu fé til að byggja upp þá starfsemi sem nauðsynleg er til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt. Ekkert í málinu bendir og til annars en að þessi hafi verið raunin.

97. Skattheimtan í heild fer þannig að mati dómsins ekki í bága við jafnræðisreglu stjórnarskrár og meintar takmarkanir á því að koma að rekstri Endurvinnslunnar eða eiga þar hlut, sem eru að auki vanreifaðar í málinu, megna ekki að kollvarpa þessari skattheimtu á grundvelli þess að gjaldendur sitji ekki við sama borð. Löggjöfin sjálf kveður þannig í engu á um sjálfkrafa mismunun milli einstakra skattaðila eða skilgreinir fyrir fram hverjir geti hugsanlega haft áhrif á ráðstöfun skattgreiðslna umfram aðra, eða fyrir fram að tilteknir aðilar fremur en aðrir njóti sjálfkrafa réttinda umfram aðra.

98. Sú málsástæða stefnanda að skattheimtan brjóti í bága við 72. gr. stjórnarskrárinnar og 1. gr. 1. viðauka mannréttindasáttmála Evrópu þar sem hún styðjist ekki við fullnægjandi lagaheimild, skorti lögmætt markmið og meðalhóf, er haldlaus og einnig vanreifuð að mati dómsins og getur því ekki leitt til þess að fallist verði á stefnukröfur. Þannig verður ekki fallist á að ekki sé uppfyllt skilyrði um að skattheimtan sé ekki til að mæta þörfum almennings og að gæta almannahagsmuna. Stefnandi byggir á því að þegar af þeirri ástæðu að gjaldtakan uppfylli ekki lagaáskilnaðarkröfur 50. og 77. gr. stjórnarskrárinnar, brjóti hún gegn 72. gr. Þessari málsástæðu verður hafnað með vísan til framangreindrar niðurstöðu, þ.e. að forsenda hennar um skort á fullnægjandi lagagrundvelli er að mati dómsins röng.

99. Sem fyrr í máltilbúnaði stefnanda er þessi málsástæða þó byggð einkum á því að þar sem hluti skattheimtunnar eigi að renna til einkaréttarlegs félags sé skatturinn allur ólögmætur en þessi ráðstöfun sé ekki í þágu allra heldur einungis tiltekinna aðila. Sem fyrr þá verður að líta svo á að þessi skattheimta sé í þágu almennings og styðjist við styrkar lagaheimildir og sú staðreynd að hlutafélagi sé ætlað samkvæmt skýrri lagaheimild að annast þá umsýslu sem af þessu fyrirkomulagi hlýst breytir ekki lögmæti skattheimtunnar. Það er í þessu samhengi það form sem löggjafinn hefur valið að hafa hér á og metið hagfellt eins og greina má af lögskýringargögnum. Þótt skattaðili geti bent á eitthvað annað fyrirkomulag sem geti verið heppilegra og hafi jafnvel reynst vel í öðrum ríkjum, eða við aðra skattheimtu, eins og hreyft var í málflutningi, verður ekki haggð hér við mati löggjafans um heppilegt fyrirkomulag í þessum efnum með vísan til brota á meðalhófi. Löggjafanum – skattlagningarvaldinu, hlýtur að vera játað talsvert svigrúm í þeim efnum líkt og um skattlagninguna sjálfa. Ekki verður því talið að þann skatt sem hér er til umfjöllunar skorti lagagrundvöll eða hann brjóti gegn meðalhófi auk þess sem því er slegið föstu að markmið laganna sé lögmætt. Þá verður ekki annað séð en að innheimtu skattfé hafi öllu verið varið í þágu almannahagsmuna.

100. Stefnandi byggir þá á því að álagning skilagjalds og umsýslugjalds stríði gegn 74. gr. stjórnarskrárinnar um félagafrelsi, sbr. 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í þessu sambandi vísar stefnandi þó einkum til stjórnarskrárvarins réttar til að standa utan félaga, sbr. 2. mgr. 74. gr., þ.e. neikvæðs félagafrelsis. Eins og ráða má er þannig í málinu ekki um að ræða að stefnandi sé beinlínis þvingaður til aðildar að félagi heldur er hann í raun óbeint að taka þátt í kostnaði við rekstur félags sem hann á ekki beina aðild að og að því er virðist kærir sig ekki um að eiga aðild að eins og sakir standa a.m.k., þótt ekki verði því slegið föstu. Stefnandi hefur hins vegar ekki neitað því að hann á þess engu að síður kost eins og aðrir að taka þátt í starfi þessa félags og hefur átt í viðræðum við stefnda vegna þess, sbr. greinargerð stefnda sem ekki hefur verið andmælt að þessu leyti.

101. Við mat á þeirri skyldu sem vissulega er óbeint lögð á stefnanda, sbr. framangreint, um þátttöku í rekstri félags sem hann á ekki aðild að, verður að horfa til þess hver tilgangur með gjaldheimtunni sé og hvert sé hlutverk þess félagsskapar sem um ræðir. Eins og stefnandi bendir réttilega á er öllum skattinum sem hér er til umfjöllunar ráðstafað til títtnefnds hlutafélags sem stofnsett er með lögum. Jafnframt er það, eins og rakið er hér að framan, niðurnjörvað í hvað þessir fjármunir eiga að fara.

102. Í þeim dómi sem stefnandi einkum nefnir til stuðnings þessari málsástæðu, sem er dómur Hæstaréttar í máli nr. 250/2016, frá 2. febrúar 2017, var fjallað nokkuð um hvaða hlutverki þeir aðilar sem fengu í sinn hlut svokallað Búnaðargjald sem innheimt var með lögum nr. 84/1997 væri ætlað og hvernig þeir gætu gagnast skattaðila í því máli. Forsendur fyrir slíkri umfjöllun voru þær í málinu, eftir því sem best verður séð, að ekki væri um óverulega gjaldtöku að ræða í þágu starfseminnar, en það gjald sem deilt var um nam alls 1,2% af heildarveltu skattaðila. Eftir umfjöllun um starfsemi skattaðila og þess aðila sem viðkomandi var óbeint skyldaður til aðildar að, var talið að greiðsluskylda hans samkvæmt lögnum fæli í sér slíka íhlutun til réttar hans til að standa utan félaga að hún yrði að fullnægja skilyrðum í 2. málslíð 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar. Þarna birtast sjónarmið sem finna má stað í fyrri dómafrankvæmd um að nokkuð mikið þarf að koma til svo í raun fari fram skoðun á því hvort rétt sé að haggja mati löggjafans þegar kemur að ráðstöfun skattgreiðslna. Er það eðlileg nálgun í ljósi þess sem að framan greinir um almennt séð nokkuð rúmt svigrúm löggjafans til að ákvarða skattheimtu og

ráðstöfun skatts og með sama hætti takmarkað svigrúm dómstóla til endurskoðunar á því. Í grunninn byggja þau sjónarmið á stjórnskipan landsins.

103. Í dómnum var lögð áhersla á að gildi þeirra samtaka sem um ræddi væri mjög takmarkað fyrir umræddan skattaðila og í engu tryggt að hann eða aðilar í hans stöðu fengju til baka það sem þeim væri gert að inna af hendi og rynni til samtakanna og væri að því er virtist samtökunum til frjálsrar ráðstöfunar. Því var í málinu ekki talið uppfyllt það skilyrði framangreinds ákvæðis um að innheimtur skattur væri nauðsynlegur til að viðkomandi samtök gætu sinnt lögbundnu hlutverki sínu vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra. Sú niðurstaða var jafnframt, þá eðli málsins samkvæmt, talin fela í sér brot á eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar.

104. Í þessari niðurstöðu fellst að jafnan þarf að meta framangreind sjónarmið áður en til álita kemur að fella niður skattlagningu og endurgreiða þá oftekinn skatt.

105. Engan veginn verður á það fallist að innheimtur skattur samkvæmt lögum nr. 52/1989 sé Endurvinnslunni hf. til frjálsrar ráðstöfunar, heldur verður því slegið föstu, að mati dómsins, að skattgreiðslum er hér ráðstafað fyrst og fremst til almannahagsmuna en ekki sérhagsmuna, á grundvelli skýrra fyrirmæla í lögum. Hér verður einnig horft til þess að tilgangur með svokölluðu búnaðargjaldi, sem um var deilt í framangreindum dómi, var að miklu leyti, að einfalda álagningu gjalda í landbúnaði, bæta innheimtu þeirra og styrkja innheimtuúrræði. Því verður ekki líkt saman við þá skýru almannahagsmuni sem liggja að baki skilakerfi einnota drykkjarvöruumbúða.

106. Sá munur er einnig á starfsemi Endurvinnslunnar hf. og þeirra samtaka sem fjallað var um í framangreindum dómi Hæstaréttar, að þær skatttekjur sem renna til félagsins renna til lögmæltis hlutverks sem ekki er með nokkru móti hægt að tengja sérstaklega við hagsmuni þeirra sem kunna að vera hluthafar hverju sinni, þ.e. aðra hluthafa en ríki og sveitarfélög eftir atvikum. Starfsemi félagsins hverfist fyrst og fremst um að hvetja almenning til að huga að umhverfi sínu og gagnast þannig hluthöfum í félaginu sem og skattaðilum sem eru ekki hluthafar, væntanlega nokkuð ámóta í þeim efnum. Allar tekjur, þ.e. afrakstur skattheimtunnar, er þannig

eyrnamerkta þessu hlutverki að slepptum þeim möguleika sem orðaður var í lögnum, um hæfilegan arð til hluthafa.

107. Það verður að mati dómsins, eins og fyrr greinir, ekki talið skipta sköpum í hvaða formi þeir fjármunir sem íslenska ríkið innheimtir af skattskyldum aðilum samkvæmt lögum nr. 52/1989 skila sér á endanum í þágu almannahagsmuna. Sú leið löggjafans að velja hlutafélagform til að annast ráðstöfun skattsins, að megninu til, til þeirra er skila viðkomandi hlutafélagi einnota umbúðum sínum, getur ekki verið frágangssök í málinu. Standa engin lagarök til þess, að mati dómsins, að slíkt geti skilið milli feigs og ófeigs þegar lögmæti skattheimtunnar er metið í heild.

108. Í 2. gr. laga nr. 52/1989 sagði við setningu þeirra, að iðnaðarráðherra skyldi beita sér fyrir stofnun hlutafélags, „sem taki að sér umsýslan skilagjaldsins svo og söfnun og endurvinnslu einnota umbúða, er falla undir lög þessi. Til samvinnu um stofnun og starfsemi hlutafélagsins skal iðnaðarráðherra heimilt að kveðja til aðila sem áhuga hafa á málinu. Heimilt er að semja við félagið um að það fái umsýsluþóknun skilagjaldsins til að standa undir rekstri sínum og auk þess skilagjald af þeim umbúðum sem eigi er skilað. Ríkissjóði er heimilt að eiga aðild að félaginu. Félagið skal hafa einkarétt til framangreindrar starfsemi hér á landi.“

109. Í 3. gr. laganna er hlutverk félagsins skilgreint. Meðal annars sinnir það þeirri grundvallarhugsun sem býr að baki skattheimtunni og kerfinu öllu um að endurgreiða neytendum og öðrum við móttöku á notuðum skilagjaldsskyldum umbúðum skilagjaldið. Félagið skal og sjá til þess að koma upp skilvirkum fyrirkomulagi á söfnun skilagjaldsskyldra umbúða um land allt. Félagið skal einnig endurvinna umbúðir eða koma þeim til endurvinnslu eða eyðingar. Þá skal félagið kappkosta að ná sem bestum skilum á skilagjaldsskyldum umbúðum og hafa samstarf við sveitarfélög, einstaklinga, fyrirtæki og félagasamtök um sérstakar hreinsunarherferðir þar sem áhersla verður lögð á söfnun skilagjaldsskyldra umbúða. Enn fremur skal leitað samstarfs við þá aðila sem aðstöðu hafa til úrvinnslu umbúða.

110. Af þessu, síðari breytingum á lögnum og lögskýringargögnum, má greina að megintilgangur löggjafans hefur aldrei verið annar en sá að félag í þessu formi væri heppilegt

til að vinna að og fylgja eftir þeim markmiðum sem löggjöfin stefndi að í upphafi og hefur gert alla tíð eftir því sem best verður séð. Meðal annars hafi það verið talið heppilegt að hagaðilar gætu átt aðkomu og beina aðild að framkvæmdinni ef þeir kysu svo. Af gögnum málsins verður og ekki annað ráðið en að starfsemi félagsins hafi miðast í hvívetna við að framfylgja og freista þess að ná þeim lögmætu markmiðum sem félaginu eru sett.

111. Ekki getur í framangreindu stjórnarskrárákvæði, að mati dómsins, falist afdráttarlaust bann við tilteknu formi. Ef löggjafinn velur hlutafélagaform fremur en einhvern annan félagsskap eða samtök einstaklinga eða lögaðila, fremur en ekki neinn slíkan skilgreindan hóp, verður slíkt ekki talið varða við umrætt bann við að skylda mann til aðildar að félagi á þeim grundvelli að slíkt form geti ekki talist nauðsynlegt tæki til að ná fram þeim markmiðum sem að er stefnt. Hér verður þess í stað horft til þess að löggjafinn hefur lagt þessu félagi, Endurvinnslunni hf., ákveðna skyldu á herðar, með skýrum hætti samkvæmt lögum til að sinna lögmæltu hlutverki sem hvílir jafnframt á lögmætum grunni og hvers tilgangur er að gæta almannahagsmuna. Verður að fallast á að nauðsynlegt megi teljast að allar tekjur af skattheimtu sem grundvallast á lögum nr. 52/1989 renni til umrædds félags svo það geti með réttu móti sinnt þeim skyldum sem á því hvíla sannanlega samkvæmt lögum. Brýtur því framangreint fyrirkomulag ekki af þessum sökum í bága við umrætt ákvæði.

112. Að lokum byggir stefnandi á því að skattlagningin brjóti í bága við ákvæði EES-samningsins en með þessu fyrirkomulagi sé með ríkisframlagi raskað samkeppni með því að ívilna ákveðnu fyrirtæki, en með ákvæðum laga nr. 52/1989 sé Endurvinnslunni hf. veittur einkaréttur til starfsemi sinnar og tryggðar tekjur af ríkisfjármunum sem ljóslega sé til þess fallið að útiloka alla samkeppni við félagið.

113. Málalíbúnaður stefnanda verður ekki skilinn öðruvísi en svo að með brotum ríkisins á þessum samningi hafi íslenska ríkið bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart stefnanda. Hvorki kröfugerð stefnanda né málalíbúnaður gefa tilefni til þess, að mati dómsins, að því verði slegið föstu að stefndi hafi brotið gegn samningsskyldum sínum samkvæmt EES-samningnum og

málið í það minnsta vanreifað að því leyti að mati dómsins og enda fátt sem bendir til að svo sé, án þess að ástæða sé til ítarlegrar umfjöllunar um það. Því verður þó að minnsta kosti hafnað, sbr. framangreint, að öll þessi skattheimta, sem vissulega er álögð í skjóli opinberrar valdheimildar, sé í þágu einkaaðila þannig að brjóti gegn samningnum á þeim grunni.

114. Það sama gildir um bótakröfu sem stefnandi hefur uppi af þessu tilefni, þ.e. að íslenska ríkið hafi með slíkum brotum bakað sér bótaskyldu sem nemi hinum oftekna skatti. Ekki verður málatilbúnaður stefnanda skilinn á annan veg en svo, að forsenda bótaskyldu sé þá brot á framangreindum skuldbindingum íslenska ríkisins. Með öllu er hins vegar vanreifað hvert tjón stefnanda af þeim sökum gæti verið, en augljóst er að það getur vart numið öllu því gjaldi sem stefnandi, líkt og aðrir gjaldendur, leggur væntanlega á sitt verð og innheimtir þannig, a.m.k. að hluta, strax til baka frá neytendum og Endurvinnslan hf. fær síðan til umsýslu og endurgreiðir að langstærstum hluta aftur út til neytenda eins og stefnandi byggir á. Málsástæða þessi er því að mati dómsins haldlaus en ella vanreifuð.

115. Að framan er komist að þeirri niðurstöðu að álagning skilagjalds og umsýslugjalds samkvæmt lögum nr. 52/1989 sé í grunninn lögmæt skattheimta og fyrirkomulag skattheimtunnar og ráðstöfun skattsins einnig lögmæt. Einnig er komist að þeirri niðurstöðu að ekkert standi því í vegi að löggjafinn ákveði í sjálfu sér að fela hlutafélagi ráðstöfun skattfjár, enda sé hlutverk slíks félags skýrt afmarkað og ákveðið í lögum og tilvist þess eingöngu sú að framfylgja markmiðum löggjafans með skattheimtunni sem hvílir á almannahagsmunum og engu öðru sjáanlega.

116. Eftir stendur, að mati dómsins, það eitt sem orkað getur tvímælis að með lögunum var í upphafi ákvæði um að heimilt væri að greiða hluthöfum félagsins, sem að því kæmu, út hæfilegan arð.

117. Í málinu liggur þó ekkert fyrir um að arður hafi verið greiddur út úr félaginu og virðist reyndar, ef marka má almennar athugasemdir með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 30/2021

sbr. framangreint, fyrisjáanlegt að Endurvinnslan hf. verði rekin með tapi næstu árin. Var því í þeim lögum sett fram tillaga um hækkun gjalda, til að mæta þörfum félagsins sem bæri þá skyldu að reka skilvirkt skilakerfi og yrðu gjöld að standa undir slíkum rekstri, eins og sagði í athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins.

118. Af þeim takmörkuðu gögnum málsins sem varpa ljósi á rekstur Endurvinnslunnar hf. verður alls ekki ráðið að félagið sé hagnaðardrifið í einhverjum skilningi. Færi það enda gegn tilgangi félagsins og þeirri hugsun sem að baki stofnun félagsins bjó og býr enn eftir því sem ráða má af lögskýringargögnum. Ekki verður þó fram hjá því litið að samkvæmt stefnu málsins var uppsafnaður hagnaður félagsins rétt tæpar 400 milljónir króna 2016-2018, og eigið fé umtalsvert samkvæmt stefnu og greinargerð stefnda. Þessum stærðum er ekki andmælt sérstaklega í málinu, en engin gögn hafa hins vegar verið lögð fram um Endurvinnsluna hf. enda kveður stefnandi slíkar upplýsingar algjört aukaatriði í málinu og kveður afkomu félagsins engu máli skipta fyrir sakarefni málsins. Málalíbúnaður stefnanda verður þannig um þetta atriði ekki skilinn öðruvísi en svo að það eitt að heimild hafi verið veitt í lögum til að greiða hluthöfum arð, leiði til þess að skattheimtan öll standist ekki og í raun leiði einnig tilvist félagsins sem slíks, til sömu niðurstöðu. Er þar í raun, að mati dómsins, um sömu nálgun að ræða af hálfu stefnanda og birtist í því að heimild í lögum til að ákveða með reglugerð fjárhæð skatts þýði sjálfkrafa ólögmati skattheimtunnar allrar þótt slík heimild hafi ekki verið nýtt, sbr. framangreinda umfjöllun.

119. Stefnandi hefur ekki mótmælt því sem fram kemur í málalíbúnaði stefnda að eigendur Endurvinnslunnar hf., sem séu framleiðendur eða innflytjendur auk ríkis og sveitarfélaga, hafi hvorki haft óhóflegan arð af starfseminni né raunverulega eignamyndun umfram það stofnfé sem þeir hafi lagt fram. Þá eru engin gögn í málinu sem benda til þess að fjárhagslegur ávinningur sé markmið hluthafa sem tekið hafa þátt í starfsemi Endurvinnslunnar hf. með framlagningu stofnfjár/hlutafjár. Ekki verður annað ráðið en að óheimilt hafi verið til þessa að greiða út til hluthafa annað en það sem teldist vera hóflegur arður, þá eftir atvikum með einhverju endurgjaldi á grundvelli framlagðs stofnfjár. Þá hlýtur að skipta máli, við heildarmat á því hvaða þýðingu stofnun þessa félags og heimild til að greiða hóflegan arð út úr því hafi fyrir sakarefni málsins og stefnukröfur, sú staða að stefndi, íslenska ríkið, hefur gefið þá

yfirlýsingu undir rekstri málsins að enn sé unnið að sölu umtalsverðs hluta í félaginu sem stendur til boða öllum áhugasömum um verkefnið.

120. Niðurstaða að virtum framangreindum sjónarmiðum er sú að ekki sé unnt að fallast á dómkröfur stefnanda á grundvelli málatilbúnaðar hans og jafna megi í raun þessum sjónarmiðum til lögspurningar líkt og niðurstaðan var að framan um óheimilt framsal skattlagningarvalds. Ekki liggur þannig fyrir í málinu að arður hafi nokkru sinni verið greiddur út úr félaginu. Miðað við gögn málsins er á hinn bóginn hægt að fallast á að hugsanlega sé hægt að greiða út í framtíðinni arð á grundvelli hags félagsins en fátt bendir þó til að slíkt standi til.

121. Ef á hinn bóginn litið væri svo á að stefnandi hefði sjálfur beina lögvarða hagsmuni af því að fá þessu fyrirkomulagi hnekkt, verður allt að einu talið að sú lagaheimild, að greiða út hóflegan arð, sem reyndar hefur nú verið felld úr lögum, megnar ekki að kollvarpa þessari skattheimtu í heild sinni, en málatilbúnaður stefnandi verður ekki skilinn á annan hátt en að krafan sé sú ein.

122. Þykja ekki næg efni til að kveða á um ólögmæti gjaldsins á þessum grundvelli enda sýnt að sá hluti gjaldsins sem fella mætti eftir atvikum, samkvæmt ströngum hlutlægum mælikvarða, utan við lögbundna starfsemi félagsins og grundvallarmarkmið laganna, er það óverulegur hluti gjaldtökunnar í heild sinni að hún getur ekki leitt til þess að skattur samkvæmt lögum nr. 52/1989 verði talinn ólögmætur og endurgreiddur stefnanda eins og hann gerir kröfu um.

123. Að virtu öllu framangreindu verður sú skattheimta sem hér er til umfjöllunar talin lögmæt og verður stefndi sýknaður af kröfum stefnda að öðru leyti en því að stefnda verður gert að endurgreiða stefnanda þann skatt sem oftekinn var, sbr. framangreint, á tímabilinu frá janúar 2016 til júní 2017.

124. Krafa um endurgreiðslu oftekinna skatta er reist á lögum nr. 150/2019, sbr. áður lög nr. 29/1995. Stefndi hefur ekki hreyft andmælum við því að stefnandi hafi innt gjöldin af hendi á þeim gjalddögum sem lýst er í stefnu og framlögðum gögnum málsins.

125. Jafnframt hefur stefndi ekki andmælt skjali sem dómari kallaði eftir á grundvelli 104. gr. laga nr. 91/1991 og lagt var fram í þinghaldi 28. maí sl. Þar má sjá sundurliðaðan útreikning stefnanda á mismun álagðrar umsýsluþóknunar skv. 2. gr. reglugerðar nr. 368/2000, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 1053/2015 vegna innflutnings stefnanda á drykkjarvörum í einota umbúðum úr gleri og plastefni á tímabilinu 1. janúar 2016 til 23. júní 2017 eins og hún raunverulega var og þess er hún hefði verið ef fjárhæðir gjaldsins hefðu verið samkvæmt texta laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 52/1989.

126. Með vísan til þessa er fallist á að stefndi greiði stefnanda samtals 4.147.490 krónur, skipt upp eftir gjalddögum, auk vaxta eins og nánar greinir í dómsorði, en rétt þykir að fjárhæðin beri vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá gjalddögum einstakra greiðslna, en dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá dómsuppsögudegi, skv. heimild í síðari málslið 9. gr. laganna að virtum atvikum málsins og málatilbúnaði stefnanda. Þykja þannig ekki efni til að miða upphaf dráttarvaxta við höfðun málsins eins og heimilt er samkvæmt 3. mgr. 8. gr. laga nr. 150/2019.

127. Að þessari niðurstöðu virtri verður stefnda gert að greiða stefnanda hluta málskostnaðar hans, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, sem þykir, miðað við umfang málsins og rekstur þess, hæfilegur 600.000 krónur.

128. Af hálfu stefnanda flutti málið Flóki Ásgeirsson lögmaður og af hálfu stefnda flutti málið Ólafur Helgi Árnason lögmaður.

129. Lárentsínus Kristjánsson kveður upp dóm þennan að gættu ákvæði 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

Dómsorð

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, Vínnesi ehf., 4.147.490 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 af 239.417 krónum frá 5. febrúar 2016 til 15. mars 2016 en af 472.152 krónum frá þeim degi til 17. maí 2016 en af 887.748 krónum frá þeim degi til 15. júlí 2016 en af 1.369.574 krónum frá þeim degi til 5. ágúst 2016 en af 1.539.654 krónum frá þeim degi til 15. september 2016 en af 1.809.658 krónum frá þeim degi til 5. október 2016 en af 2.079.665 krónum frá þeim degi til 15. nóvember 2016 en af 2.334.946 krónum frá þeim degi til 5. desember 2016 en af 2.590.230 krónum frá þeim degi til 16. janúar 2017 en af 3.078.338 krónum frá þeim degi til 6. febrúar 2017 en af 3.566.446 krónum frá þeim degi til 15. mars 2017 en af 3.676.531 krónum frá þeim degi til 15. maí 2017 en af 4.147.490 krónum frá þeim degi til dómsuppsögu, en af þeirri fjárhæð frá dómsuppsögudegi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 600.000 krónur í málskostnað.

Lárentsínus Kristjánsson